

REGLUR

um breytingu á reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003.

1. gr.

a-liður 1. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Með greiðslu upphæðar, sem samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við könnun á hagkvæmni sameiningar, kynningu á sameiningartillögu og framkvæmd atkvæðagreiðslu. Heimilt er að inna slíka greiðslu af hendi þótt undirbúningsvinna leiði ekki til sameiningar sveitarfélaga.

2. gr.

b-liður 1. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Með greiðslu upphæðar sem nemur eðlilegum kostnaði við framkvæmd sameiningar, þ.m.t. vegna aðkeyprar vinnu við reikningsuppgjör og sameiningu á bókhaldi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. Í a-lið bætast orðin „í fjögur ár eftir sameiningu“ á eftir orðinu „framkvæmdastjóra“.
- b. Í c-lið koma orðin „í allt að fimm ár frá sameiningu“ í stað orðanna „fyrstu fjögur árin eftir sameiningu“.

4. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þær þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. júní 2005.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.